

Ed.

685. Frumvarp til laga

[330. mál]

um jöfnun hitunarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

I. KAFLI

Markmið og leiðir.

1. gr.

Lög þessi kveða á um ráðstafanir til að

- 1) jafna hitunarkostnað
- 2) lækka kostnað við upphitun húsnæðis
- 3) auka nýtingu innlendra orkugjafa.

2. gr.

Ráðstafanir skv. 1. gr. skulu gerðar með

- 1) niðurgreiðslu raforku til hitunar húsnæðis
- 2) styrkjum til þeirra sem nota olíu til húshitunar
- 3) aðstoð við hitaveitur með sérvanda
- 4) hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði
- 5) notkun innlendra orkugjafa í stað olíu.

3. gr.

Ríkissjóður skal leggja til óafturkræft framlag, sem varið skal til að greiða niður verð á orkugjöfum til upphitunar húsa í landinu, kostnað við orkusparnað og við að auka nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Til að mæta kostnaði skv. 1. mgr. skal ríkissjóður verja orkujöfnunargjaldi, sbr. lög nr. 12/1980.

II. KAFLI

Niðurgreiðsla raforku og varmaorku frá varmaveitum.

4. gr.

Verð raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis svo og verð varmaorku frá varmaveitum sem nota rafmagn og olíu til hitunar skal greitt niður að því marki að hitunarkostnaður við kyndingu íbúðarhúsa verði eigi hærri en sem nemur 1,8-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Er þá miðað við gjaldskrár á hverjum tíma. Skal hið vegna meðaltal reiknað út fjórum sinnum á ári og verði þá jafnframt tekið tillit til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á raforku frá síðasta útreikningi, þegar ákveðin er upphæð niðurgreiðslna fram til næsta útreiknings.

Heimilt er að greiða niður verð raforku og varmaorku, sbr. 1. mgr., til hitunar skólahúsnæðis.

5. gr.

Niðurgreiðsla raforku og varmaorku skal greidd til viðkomandi orkuveitna og skal í raforkureikningum til notenda koma fram hve há niðurgreiðslan er. Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um hámarksniðurgreiðslu til notenda, sem hafa mikla notkun.

6. gr.

Raforka til húshitunar skal ekki greidd niður á hitaveitusvæðum nema sérstakar ástæður séu til þess.

III. KAFLI

Olústyrkir.

7. gr.

Verð á olíu til húshitunar skal greitt niður þannig að kostnaður við olíukyndingu verði eigi hærri en sem nemur tvöföldu vegnu meðalverði, sbr. 4. gr.

8. gr.

Peir sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðarhúsa eiga rétt á niðurgreiðslu olíu samkvæmt 7. gr. í formi styrkja til húsráðenda.

Heimilt er að greiða niður verð á olíu til hitunar skólahúsnaðis.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um að viðkomandi sækji um niðurgreiðslu og færi sönnur á að hann eigi ekki kost á innlendum orkugjafa.

9. gr.

Olústyrkir vegna íbúða, sbr. 8. gr., skulu greiddir húsráðanda vegna þeirra íbúa sem hafa lögheimili í viðkomandi íbúð meirihluta styrktímabils.

Fjöldi styrkja reiknast þannig:

- a) Fyrir einn íbúa greiðast 2 olústyrkir.
- b) Fyrir tvo íbúa greiðast 3 olústyrkir.
- c) Fyrir þrjú íbúa greiðist 3 ½ olústyrkur.
- d) Fyrir fjóra íbúa greiðast 4 olústyrkir.
- e) Fyrir fimm íbúa greiðist 4 ½ olústyrkur.
- f) Fyrir sex íbúa greiðast 5 olústyrkir.
- g) Fyrir sjö íbúa eða fleiri greiðast 5 ½ olústyrkur.

Við framangreinda styrki bætist ½ olústyrkur vegna lífeyrisþega, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar og annarra lífeyrisþega, sem hafa svipaðar heildartekjur.

10. gr.

Olústyrkir skv. 9. gr. skulu ekki taldir til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

11. gr.

Heimilt er að styrkja aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. 9. gr. laganna.

12. gr.

Peir sem kost eiga á hitaveitu eða rafhitun eiga ekki rétt á olústyrk. Viðkomandi orkuveita sker úr um hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu. Ráðuneyti sker úr um vafaatriði.

13. gr.

Styrkir til einstaklinga sbr. 8. gr. skulu greiddir ársfjórðungslega fyrir milligöngu sveitarfélaga. Sveitarfélögum er skylt að senda Iðnaðarráðuneytinu ársfjórðungslega skilagrein um úthlutun olíustyrkja. Vanræki sveitarfélag slíkt er heimilt að fresta greiðslum til þess, þar til úr hefur verið bætt. Skylt er orkuveitum og olíusölum að gefa upplýsingar um orkusölu til einstakra húseigna.

IV. KAFLI

Aðstoð við hitaveitur.

14. gr.

Til að tryggja að hitaveitur með sérvanda séu samkeppnishæfar við olíukyndingu og rafhitun er heimilt að veita þeim aðstoð til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið herra en sem nemur hitunarkostnaði með niðurgreiddri olíu og rafmagni.

15. gr.

Aðstoð skv. 14. gr. getur verið í formi framlags til lækunar stofnkostnaðar og með skuldbreytingu lána.

V. KAFLI

Hagkvæm orkunotkun og orkusparnaður við húshitun.

16. gr.

Skipuleggja skal sérstakt átak í orkusparnaði til þess að jafna hitunarkostnað m. t. t. mismunandi orkunýtingar húsa. Stefnt skal að því að á næstu árum verði framkvæmdar endurbætur á eldra húsnæði, sem miði að bættri einangrun og orkunýtingu. Samkvæmt áætlun skal raða framkvæmdum þannig að íbúðarhúsnæði gangi fyrir þar sem hæst orkuverð er til húshitunar, orkunotkun á rúmmálseiningu er yfir ákveðnu marki og hagkvæmar lausnir til orkusparnaðar eru framkvæmanlegar.

Til þess að tryggja þátttöku almennings og hraða framkvæmdum skal af opinberri hálfu veita upplýsingar, tækniþjónustu og hagkvæm lán til framkvæmda.

17. gr.

Iðnaðarráðherra skipar þriggja manna verkefnisstjórn, þar af einn skv. tilnefningu félagsmálaráðherra, er skal annast yfirstjórn verkefnisins (skv. 16. gr.), gera áætlanir um framkvæmd og fjárþörf, skila skýrslum um framvindu, samræma störf mismunandi stofnana og annast samstarf við hagsmunaaðila.

18. gr.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skal safna og miðla upplýsingum um framkvæmd, eiginleika og hagkvæmni mismunandi orkusparnaðaraðgerða. Stofnunin skal annast menntun, viðurkenningu og hafa umsjón með starfsemi sérstakra skoðunarmanna. Einnig skal hún annast fræðslu byggingarfulltrúa, iðnaðarmanna og almennings um þætti, sem varða hagkvæma orkunýtingu við húshitun.

19. gr.

Skoðunarmenn skv. 18. gr. skulu í samráði við sveitarstjórnir og á grundvelli upplýsinga frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Orkustofnun meta þörf endurbóta á húsum og gera áætlun um kostnað við aðgerðir til að draga úr orkunotkun til húshitunar. Heimilt er að setja sem skilyrði fyrir áframhaldandi niðurgreiðslum á orku til húshitunar að húsráðendur samþykki slíkt mat á húsum sínum. Heimilt er að greiða starfsemi skoðunarmanna úr ríkissjóði af fé því sem ætlað er til jöfnunar hitunarkostnaðar.

20. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði er leiða til orkusparnaðar í samræmi við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Húsnæðisstofnun ríkisins hefur eftirlit með framkvæmdum, annast lánveitingar og setur reglur þar um í samráði við verkefnisstjórn (sbr. 17. gr.). Stefnt skal að skjótri afgreiðslu lána og er heimilt að veita bráðabirgðalán þegar við upphaf framkvæmda samkvæmt nánari reglum er stofnunin setur.

21. gr.

Orkustofnun skal, í samstarfi við orkuveitur, fylgjast með orkunotkun við hitun íbúðarhúsnæðis. Sérstaklega skal aflað upplýsinga um húsnæði þar sem orkunotkun er óeðlilega há og fylgst með orkunotkun húsa fyrir og eftir endurbætur. Orkuveitur, sem selja orku til húshitunar, skulu reglulega veita notendum samanburðarupplýsingar um orkunotkun.

22. gr.

Til fræðslu, rannsókna og upplýsingastarfsemi á sviði hagkvæmrar orkunýtingar og orkusparnaðar skal heimilt að verja árlega upphæð, sem nemur allt að einum hundraðshluta af fjárhæð þeirri sem veitt er til framkvæmdar laga þessara skv. 3. gr.

VI. KAFLI

Innlendir orkugjafar.

23. gr.

Heimilt er að veita eigendum íbúðarhúsnæðis, sem nota olíu til upphitunar, lán eða styrk til að auðvelda þeim að taka upp innlenda orkugjafa í stað olíu.

Einnig er heimilt að veita lán eða styrk til húseigenda sem þurfa að breyta úr beinni rafhitun húsa sinna í vatnshitun til að taka í notkun varmaveitur.

Heimilt er að veita orkufyrirtækjum styrki til að lækka tengigjöld og flýta þannig nýtingu innlendra orkugjafa.

Heimilt er að styrkja eigendur skólahúsnæðis til að koma fyrir búnaði, sem gerir kleift að nýta innlenda orkugjafa með sem hagkvæmustum hætti.

24. gr.

Heimilt er að styrkja húseigendur til kaupa á kyndibúnaði, sem nýtt getur innlent eldsneyti, svo sem rekavið, surtarbrand eða mól.

VIII. KAFLI

Ýmislegt.

25. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um niðurgreiðslu raforku og varmaorku skv. 4. og 5. gr. laganna, með hvaða hætti skuli ákveða upphæð olíustyrkja skv. 8. gr. laganna og um hagkvæma orkunotkun og orkusparnað við húshitun skv. V. kafla laganna.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 53 frá 28. maí 1980 um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um ráðstafanir til að jafna hitunarkostnað, lækka kostnað við upphitun íbúðarhúsnæðis og auka nýtingu innlendra orkugjafa.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi núverandi lög um jöfnun og lækkun hitakostnaðar og kveða nánar á um ýmis atriði sem snerta þetta mikilvæga mál.

Í frumvarpinu eru sett lagaákvæði um niðurgreiðslu raforku og hitaorku frá veitum sem nota raforku eða olíu til hitunar, en niðurgreiðslur þessar hafa tíðkast frá október 1982.

Gert er ráð fyrir að tilhögun og greiðsla olíustyrkja verði óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum.

Heimild er til að aðstoða hitaveitur sem eiga við sérstök vandamál að stríða, skv. svipuðum ákvæðum og nú tíðkast, þannig að verð þeirra geti verið sambærilegt við hitunarkostnað með niðurgreiddri olíu og raforku.

Þá er í frumvarpinu nýmæli varðandi skipulegt átak í orkusparnaði til að jafna hitunarkostnað með tilliti til orkunýtingar íbúðarhúsnæðis. Gert er ráð fyrir sérstakri ráðgjöf fyrir húsráðendur í þessu sambandi, sem kostuð verði af opinberri hálfu.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um aðgerðir af opinberri hálfu til að flýta breytingu kyndibúnaðar frá olíunotkun til innlendra orkugjafa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að framkvæmd þessara mála heyri undir iðnaðarráðherra en skv. núgildandi lögum heyrir II. kafli varðandi olíustyrki undir viðskiptaráðherra en III. og IV. kafli undir iðnaðarráðherra.

Kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði af orkujöfnunargjaldi, sbr. lög nr. 12/1980.

Hinn 14. júní s. l. skipaði iðnaðarráðherra orkuverðsnefnd til að gera tillögur um leiðir til að jafna húshitunarkostnað í landinu. Nefndin aflaði ítarlegra gagna og skilaði þeim til ráðuneytisins ásamt drögum að frumvarpi. Byggir frumvarp þetta í ýmsum veigamiklum atriðum á starfi nefndarinnar, en önnur atriði hafa tekið breytingum í meðförum ráðuneytisins.

2. Jöfnun kyndingarkostnaðar.

Eins og kunnugt er, er kostnaður við hitun íbúðarhúsnæðis mjög mismunandi víðs vegar um landið.

Í fskj. 1 er sýndur áætlaður árlegur hitakostnaður 400 m³ íbúðar og miðað við verðlag í febrúar s. l.

Mismunur þessi kemur í megindráttum fram í eftirfarandi yfirliti:

	Orkuverð kr/kWh	Hitunarkostnaður 400 m ³ húss/ári
Ódýrar hitaveitur	0,38	12.400
Meðaldýrar hitaveitur	0,67	21.800
Dýrar hitaveitur	0,99 ¹⁾	32.500
Bæjarrafveitur (1) (án niðurgr.)	0,95 ²⁾	31.200
Bæjarrafveitur (2) (án niðurgr.)	1,10	
RARIK, OV og bæjarrafveitur (með niðurgr.)	0,83	28.800
RARIK og OV (án niðurgr.)	1,36	
Olíuhitun án niðurgr.	1,46	47.900
Olíuhitun með niðurgr.	1,00	33.000

- 1) Orkuverð hjá hitaveitum er miðað við forsendur Iðnaðarráðuneytis (sbr. fskj. 1) um reiknaða orkuþörf og heitavatnsþörf húsa. Hjá dýrum hitaveitum hefur vatnsnotkun húsa reynst minni, 75—90% af reiknaðri vatnsþörf samkvæmt forsendum Iðnaðarráðuneytis og greiða notendur þar af þeim sökum hlutfallslega lægra orkuverð að meðaltali.
- 2) Bæjarrafveitur sem eru á hitaveitusvæðum hafa ekki fengið niðurgreiðslur.

Heldur hefur dregið úr þessum mun frá því sem var á s. 1. ári. Ódýrar hitaveitur hafa hækkað tiltölulega mest að undanfögnu og niðurgreiðslur raforku hafa þegar verið auknar að því marki sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Hlutfall ódýrra hitaveitna (HR) og niðurgreiðdrar rafhitunar er nú 1:2,2 en var allt að því 1:5 þegar það var hæst.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að raforka og varmaorka sé greidd niður þannig að hlutfall raforkuverðs og vegið meðalverð allra hitaveitna (fskj. 2) sé 1:1,8. Þessu hlutfalli hefur eins og áður sagði þegar verið náð.

Orkusparnaður.

Auk hins mikla mismunar sem er á verðlagningu orku milli einstakra orkuveitna og orkugjafa er orkunotkun einstakra notenda á sama stað mjög mismunandi.

Í athugun sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gerði á um 300 húsum í 4 sveitarfélögum á árunum 1979 og 1980, kemur fram mikil orkunotkun einstakra notenda. Niðurstöður koma fram í eftirfarandi töflu:

		Meðalorku- notkun	Dreifing orkunotkunar
Bolungarvík	olíuhitun	19,7 l/m ³ /ári	5—50 l/m ³ /ári
	þilofnar	93,3 kWh/m ³ /ári	40—180 kWh/m ³ /ári
Raufarhöfn	olíuhitun	18,1 l/m ³ /ári	14—24 l/m ³ /ári
	þilofnar	107,8 kWh/m ³ /ári	30—240 kWh/m ³ /ári
Neskaupstaður	olíuhitun	14,4 l/m ³ /ári	5—30 l/m ³ /ári
	þilofnar	72,3 kWh/m ³ /ári	20—140 kWh/m ³ /ári
Hvolsvöllur	olíuhitun	15,3 l/m ³ /ári	8—24 l/m ³ /ári
	þilofnar	71,3 kWh/m ³ /ári	30—120 kWh/m ³ /ári

Orkunotkun meðalíbúðar, sem er einangruð samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar, er áætluð um 13 lítrar af gasolíu á hvern rúmmetra húsnæðis á ári eða um 80/kWh/m³/ári af rafmagni, en það er svipað þeirri orkunotkun sem Iðnaðarráðuneytið reiknar með (sbr. fskj. 1).

Mismunur sá sem kemur fram í niðurstöðum athugana þessara verður enn tilfinnanlegri á þeim svæðum sem búa við hátt orkuverð.

Í frumvarpinu er því lagt til að tekið verði á þessum vanda með sérstöku átaki til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar íbúðarhúsnæðis með nánú samstarfi þeirra aðila sem hlut eiga að máli og er þetta eitt helsta nýmæli frumvarpsins. Um skipulag þessa átaks er fjallað í V. kafla frumvarpsins.

Húseigendum skal veitt tæknileg aðstoð við skipulagningu og mat á endurbótum sem leiða til orkusparnaðar. Einnig skal þeim standa til boða lánsfjármagn til framkvæmda á hagstæðum kjörum. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi þriggja manna verkefnisstjórn, sem skal bera ábyrgð á framkvæmd verkefnisins.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er falið að annast fræðilegan og tæknilegan undirbúning verkefnisins og sjá um menntun og starfsemi sérstakra skoðunarmanna. Sérstök áhersla verður lögð á að tryggja að ráðgjöf sú er skoðunarmenn veita húseigendum sé vel undirbyggð og vönduð og að fyllsta samræmis sé gætt. Ráðgjöf sú er skoðunarmenn veita húseigendum verði án endurgjalds.

Forgangsröð um skoðun húsa og endurbætur skal í fyrsta áfanga miða við að aðstoða þá sem búa við óhóflegan orkukostnað vegna lélegrar orkunýtingar.

Orkustofnun skal, skv. 21. gr. frumvarpsins, í samstarfi við orkuveitur, fylgjast með orkunotkun við upphitun íbúðarhúsnæðis. Sérstaklega á stofnunin að afla upplýsinga um húsnæði, þar sem orkunotkun er óeðlilega há.

Gert er ráð fyrir að veitt verði lán í samræmi við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins og stefnt að því að þau verði til 16 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin og megi þau nema allt að 80% af kostnaði við endurbætur. Lánin eru nú verðtryggt með 0,5% vöxtum. Með því að

hafa lánin afborgunarlaus fyrstu þrjú árin gefst húseigendum ráðrúm til að greiða niður kostnað af eigin framlagi.

Húsnæðisstofnun ríkisins annast veitingu lánanna og eftirlit með framkvæmdum sem lánað er til og setur reglur þar um í samráði við verkefnisstjórn. Sérstaklega ber að stefna að skjótri afgreiðslu lána og gert er ráð fyrir heimild til þess að veita bráðabirgðalán þegar við upphaf framkvæmda.

Er þess vænst að viðleitni þessi muni skila umtalsverðum árangri til orkusparnaðar sem leiði til hagsbóta fyrir húseigendur og þjóðfélagið í heild.

Innlendir orkugjafar.

Í frumvarpinu er heimild til að veita húseigendum hagstæð lán og styrki til að flýta nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu og breyta hitakerfum húsa, þar sem um þilofnahitun er að ræða yfir í miðstöðvarhitun, ef möguleikar eru á að tengjast varmaveitum.

Er gert ráð fyrir að unnt sé að leggja niður verulegan hluta olíuhitunar í landinu á þessu og næsta ári.

Þá er í frumvarpinu heimild fyrir iðnaðarráðherra að hvetja til aukinnar nýtingar innlendra orkugjafa s. s. með því að styrkja orkuveitur til að lækka tengigjöld, styrkja eigendur skólahúsnæðis til að nýta innlendra orkugjafa og til að styrkja húseigendur til að nýta innlent eldsneyti s. s. rekavið, surtarbrand og mó.

Mun það vafalaust fara eftir fjárveitingum hverju sinni hve langt hægt er að ganga í styrkveitingum til þessara þarfa.

3. Kostnaðaráætlun.

Eftirfarandi er áætlun um útgjöld skv. frumvarpinu á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að greiða niður 365 GWh af raforku og varmaorku og greiðslu 13.000 olústyrkja. Miðað er við verðlag og niðurgreiðslur febrúar 1984.

RAFORKA			Niðurgr.	þús.kr.
RARIK og Orkub. Vestfj.	GWh	300	0,53 kr/kWh	159.000
Hitav. R/O veitur	GWh	44	0,46 kr/kWh	20.240
Bæjarrafveitur	GWh	14	0,41 kr/kWh	5.740
Skólar	GWh	7	0,53 kr/kWh	3.710
Samtals raforka og varmaorka	GWh	365		188.690
OLÍA			Olúst./ári	
Olústyrkir	Styrkir	13000	4550 olúst./ári	59.150
Skólar	Rúmm.	200000	16.90 rúm/ári	3.380
Samtals olía				62.530
Samtals niðurgr.				251.220
ANNAD				
Til hitaveitna				5.000
Til upplýsingast. og tækniþj.				4.000
Til orkusp. framkv. (ráðgjöf lánsfé)				60.000
Til að breyta úr olíu í rafm.				15.000
Annað				6.000
Samtals styrkir og lánsfé				90.000
Kostnaður alls				341.220

Forsendur:

Reglur skv. frumvarpi um niðurgr. rafmagns og olíu

Olústyrkir kr. 1137 á ársfjórðungi

Verðlag 1. febr. 1984

Lágmarksverð raforku kr/kWh 83 kr/kWh

Vegið meðalverð hitaveitna 0,46 kr/kWh

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um meginmarkmið frumvarpsins, sem er að jafna upphitunarkostnað, að lækka kostnað við upphitun í landinu og auka nýtingu innlendra orkugjafa.

Um 2. gr.

Tilgreindar eru 5 leiðir til að ná fram markmiðum 1. greinar. Leið 1, 2 og 3 miða að jöfnun hitunarkostnaðar með niðurgreiðslu rafmagns, olíustyrkjum og aðstoð við orkuveitur. Leið 4 og 5 miða hins vegar að lækkun hitakostnaðar með orkusparnaði og hagkvæmri orkunotkun, svo sem notkun innlendra orkugjafa þar sem það á við.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um, að greiða skuli úr ríkissjóði kostnað við framkvæmdir samkvæmt frumvarpi þessu.

Einnig er hér kveðið á um að ríkissjóður skuli verja tekjum af orkujöfnunargjaldi samkvæmt lögum nr. 12/1980 til þessara verkefna.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er sett sú regla, að niðurgreiðsla á verði raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis svo og verð varmaorku frá varmaveitum, sem nota rafmagn og olíu til hitunar, skuli miðuð við verð upphitunar hjá þeim sem búa við hitaveitur er hafa jarðvarma að orkugjafa. Þetta verð er fundið með því að reikna út svokallað vegið meðaltal þannig að orkuverð hvorrar hitaveitu í kr/kWh er margfaldað með tölu íbúa á hverju hitaveitusvæði. Margföldunartölurnar fyrir allar hitaveiturnar eru lagðar saman og loks deilt í summu þeirra með samanlögðum íbúafjölda allra hitaveitusvæðanna. Er þá komið hið vegna meðaltal (sjá fskj. 2) sem síðan er margfaldað með 1,8. Miðað við núverandi gjaldskrár hitaveitna í landinu er vegið meðalverð 0,46 kr/kWh. Þetta þýðir að raforku til húshitunar þurfi að greiða niður að því marki að hún kosti 0,83 kr/kWh. Nú nemur þessi niðurgreiðsla hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða 0,53 kr/kWh.

Samkvæmt 2. mgr. er heimilt að greiða niður verð á raforku til hitunar skólahúsnæðis. Í gildandi lögum er ekki slík heimild að því er tekur til upphitunar með rafmagni, en hins vegar er nú í lögum heimildarákvæði um olíustyrki til skóla. Þykir rétt að heimild sé fyrir hendi til að styrkja upphitun skóla hvor sem orkugjafinn er, rafmagn eða olía.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að niðurgreiðslur samkvæmt 4. gr. renni til orkuveitna. Hins vegar er tekið upp það nýmæli að niðurgreiðsla ríkisins komi fram á reikningum notenda. Þá er lagt til að heimilt sé að setja ákvæði í reglugerð um hámarksniðurgreiðslu til einstakra notenda, sem hafa óeðlilega mikla orkunotkun.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein skal ekki greiða niður rafmagn til húshitunar þar sem hitaveitur eru nema sérstakar ástæður séu til þess, t. d. hjá rafveitum, þar sem rafveitan sér alfarið um orkusölu í hluta bæjar vegna aflaskorts hitaveitu.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um að verð á olíu til húshitunar skuli greitt niður að því marki að kostnaður við olíuhitun verði eigi meiri en tvöfalt hærri en vegið meðalverð hitaveitna sbr. 4. gr. Svarar það til þess að verðið sé 10% hærra en raforka og varmaorka sbr. 4. gr.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein eiga þeir einir rétt á niðurgreiðslu á olíu samkvæmt 7. gr. sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar húsa.

Í 2. mgr. er heimildarákvæði um styrk vegna skólahúsnæðis. Heimilt er að krefjast að viðtakendur olíustyrkja færi sönnur á að þeir eigi ekki kost á innlendum orkugjafa.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að olíustyrkir skuli greiddir húsráðanda, þ. e. eiganda eða leigjanda húsnæðis. Fjöldi einstaklinga með lögheimili (sbr. lög nr. 35/1960) í viðkomandi íbúð er lagður til grundvallar við ákvörðun á tölu olíustyrkja. Fjöldi styrkja á hverja íbúð er reiknaður á sama hátt og í nógildandi lögum og á það einnig við um viðbótarstyrk fyrir lífeyrisþega sem njóta bóta skv. 19. gr. laga um almannatryggingar og aðra lífeyrisþega sem hafa svipaðar heildartekjur.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Miklu varðar að sá kostur sé valinn við upphitun húsnæðis, sem hagkvæmastur er þjóðhagslega. Því er í þessari grein svo fyrir mælt, að enginn eigi rétt á olíustyrk sem hefur möguleika á upphitun frá hitaveitu eða rafmagnsveitu. Gildir þetta hvort sem hitaveitan hefur jarðvarma eða annan orkugjafa.

Um 13. gr.

Samkvæmt nógildandi lögum annast sveitarfélög úthlutun olíustyrkja til einstaklinga og er í frumvarpinu lagt til að svo verði áfram. Nauðsynlegt er að í reglugerð verði kveðið á um framkvæmd og eftirlit með greiðslu olíustyrkja.

Um 14. gr.

Nokkrar hitaveitur, sem hafa átt við sérstakan fjárhagsvanda að etja vegna ófyrirsjáanlegra rekstrarerfiðleika, þurfa að hafa gjaldskrá sem metin er hærri en sem nemur hitunarkostnaði með niðurgreiddri olíu og rafmagni. Þetta hefur fyrst og fremst átt við nokkrar smáar hitaveitur, en með þeirri lækkun á hámarksverði hitunar sem felst í 4. og 7. gr. kann að vera að þessum veitum geti fjölgað eitthvað. Í því skyni að treysta samkeppnishæfni þeirra við orkugjafa, sem njóta niðurgreiðslu, er samkvæmt grein þessari heimilt að veita þeim aðstoð.

Um 15. gr.

Hér eru ákvæði um leiðir til að aðstoða hitaveitur sbr. 14. gr.

Í fyrsta lagi með framlagi til greiðslu stofnkostnaðar.

Í öðru lagi getur aðstoðin falist í skuldbreytingu lána, svo sem með lengingu lánstíma, minnkun á gengisáhættu eða lækkun á vöxtum.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sérstakt átak í orkusparnaði til þess að jafna hitunarkostnað m. t. t. mismunandi orkunýtingar húsa. Ennfremur er kveðið á um hvernig forgangsroðun framkvæmda skuli háttað og á hvern hátt þátttaka húseigenda verði tryggð.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi sérstaka verkefnisstjórn er hafi með höndum yfirstjórn verkefnisins skv. 16. gr. og samræmi aðgerðir allra hlutadeigandi aðila og sé einn þeirra tilnefndur af félagsmálaráðherra.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir að tæknilegur undirbúningur verkefnisins og fræðslustarfsemi því tengd fari að mestu leyti fram á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Stofnunin skal og annast daglega umsjón með starfsemi sérstakra skoðunarmanna sem gert er ráð fyrir að taki til starfa á vegum ráðgjafaraðila eða opinberra aðila.

Um 19. gr.

Hér er gert ráð fyrir ráðgjöf sérstakra skoðunarmanna er athugi ástand húsnæðis og meti hagkvæmni einstakra framkvæmda. Athugun þessi verði húseigendum að kostnaðarlausu. Einnig er gert ráð fyrir heimild til að setja sem skilyrði fyrir áframhaldandi niðurgreiðslum að húseigendur láti gera slíka athugun á húsnæði sínu. Gert er ráð fyrir að skoðunarmenn þessir starfi á vegum ráðgjafaraðila og taki eingöngu að sér tiltekin verk eftir því sem verkefnisstjórn ákveður hverju sinni.

Um 20. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að lán til orkusparnaðar verði veitt úr Byggingarsjóði ríkisins. Stefnt er að því að lán þessi verði til allt að 16 ára og verði afborgunarlaus fyrstu tvö til þrjú árin, og geti numið allt að 80% af kostnaði við endurbætur. Að öðru leyti verði kjörin í samræmi við lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun afli upplýsinga og fylgist með orkunotkun íbúðarhúsnæðis. Í fyrsta lagi til þess að finna þau hús, þar sem orkunotkun er óeðlilega há og í öðru lagi til þess að meta árangur fjárfestingar í orkusparnaðaraðgerðum með því að kanna hverjar breytingar verða á orkunotkun húsanna. Upplýsinga þessara aflar Orkustofnun frá veitufyrirtækjum.

Einnig er gert ráð fyrir að orkuveitur láti notendum í té upplýsingar, sem geri þeim kleift að meta hvort orkunotkun þeirra liggur ofan eðlilegra marka.

Um 22. gr.

Tillaga er gerð um að heimilt sé að verja allt að 1% af fé því, sem varið er til jöfnunar hitunarkostnaðar til upplýsinga og fræðslustarfsemi um almennan orkusparnað og auk þess er tekin upp heimild til að styðja rannsóknarstarfsemi á þessu sviði.

Um 23. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að veita eigendum íbúðarhúsnæðis lán eða styrk til að taka upp innlenda orkugjafa til hitunar íbúðarhúsnæðis í stað olíu og á það bæði við um hitaveitur og raforku. Gert er ráð fyrir heimild til að veita lán eða styrk til húseigenda sem þurfa að breyta beinni rafhitun húsa sinna í vatnshitun er þeir tengjast varmaveitum. Einnig er heimilt að styrkja orkuveitur til að lækka tengigjöld og flýta þannig nýtingu innlendrar orku, svo og styrkja eigendur skólahúsnæðis til að koma upp búnaði til að nýta innlenda orkugjafa.

Um 24. gr.

Hér er heimild til að stuðla að frekari notkun innlends eldsneytis svo sem rekaviðar, surtarbrands eða mós.

Um 25. gr.

Hér er gert ráð fyrir að með mál þessi fari iðnaðarráðherra. Þetta er breyting frá því sem verið hefur, því að viðskiptaráðherra hefur farið með mál er varða olústyrki skv. II. kafla nágildandi laga. Þykir þetta eðlileg breyting þar sem hér er um að ræða orkumál og þau mál heyra undir iðnaðarráðherra. Samkvæmt þessu er iðnaðarráðherra falið að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal 1.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
SAMANBURÐUR HITAKOSTNAÐAR FEB 84
30.01.84/KH/gh:niðurgd

AÆTLADUR ARLEGUR HITAKOSTNAÐUR
400 RUMMETRA IÐUÐAR NR 8

HUSHITUN		KOSTN SKV. GJALDSKRA KR/ARI	AF ONIÐUR- GR. OLIU %	MEÐALVERÐ KR PR. kWH	

1. HITAVEITUR					
.01	Reykjavík	12420	26	.38	
.02	Seltjarnarnes	11460	24	.35	
.03	Mosfellshreppur	10354	22	.32	
.04	Bessastaðahreppur	25690	54	.78	
.05	Suðurnes	21781	46	.66	
.06	Þorlákshöfn	23556	50	.72	
.07	Eyrar	32550	69	.99	
.08	Selfoss	12222	26	.37	
.09	Hveragerði	6962	15	.21	
.10	Laugaras	7820	17	.24	
.11	Fluðir	8860	19	.27	
.12	Bráutarholt	760	2	.02	
.13	Vestmannaeyjar	26476	56	.81	
.14	Akranes og Borgarfj	34608	73	1.06	
.15	Reykholar	3831	8	.12	
.16	Suðureyri	29425	62	.90	
.17	Hvammstangi	17544	37	.53	
.18	Blönduós	31099	66	.95	
.19	Sauðarkrokur	9324	20	.28	
.20	Siglufjörður	30972	65	.94	
.21	Olafsfjörður	11746	25	.36	
.22	Dalvík	11261	24	.34	
.23	Hrisey	34662	73	1.06	
.24	Akureyri	34800	73	1.06	
.25	Húsavík	7735	16	.24	
.26	Reykjahlið	13510	29	.41	
.27	Egilstaðir	36230	76	1.10	
.28	Rangæinga	36636	77	1.12	
	(VEGIÐ MEÐALVERÐ)	14970	32	.46	
2. VARMAVEITUR					
.01	Orkubu Vestfja	MN	27262	58	.83
		AN		89	1.29
.02	Seyðisfjörður	MN	27224	57	.83
		AN		89	1.29
.03	Höfn Hornaf.	MN	26928	57	.82
		AN		89	1.28
3. RAFHITUN					
.01	Vestmannaeyjar	MN	26288	56	.80
		AN		76	1.10
.02	Akranes		31320	66	.95
.03	Orkubu Vestfja	MN	27126	57	.83
		AN		94	1.36
.04	Siglufjörður	MN	27224	57	.83
		AN		83	1.20
.05	Akureyri		30957	65	.94
.06	Reyðarfjörður	MN	27258	58	.83
		AN		88	1.27
.07	Rafmagnsveitur rikisins	MN	27258	58	.83
		AN		94	1.36
4. OLIUHITUN					
.01	An oliustyrks		47400	100	1.45
.02	Með oliustyrk		32840	69	1.00

FORSENDUR SJA NÆSTA BLAÐ MN: Með niðurgreiðslum AN: An niðurgreiðslu
SIDASTA BREYTING: HÆKKUN HITAVEITNA OG NIÐURGREIÐSLNA 1. FEB.1984

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

BLAÐ 2 AF 3

FORSENDUR:

1)Husnæði miðast við husstærð	400 rumm 4 ibuar
2)Orkunotkun hitav. og rafhita	82 kWh/rumm./ari
3)Oliunotkun 60% arsmeðalnytni:	13.50 l/rumm/ari
+ raforkukostn. og fastur kostn:	1500 kr/hus
4)Oliustyrkur 4 manna fjölsk(910):	14560 kr/ari
5)Oliuverð	8.50 kr/l
6)Hækkun raforkuverðs 1. agust 83	26.60 %
7)Gjaldskrar hitaveitna 1. agust 1983	
8)Hækkun um 31% a gjaldskra Landsvirkjunar 01.08.83	

Fylgiskjal 2.

ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

(EFTIR 05)080384:KH/ORKUST ARSKOSTNAÐUR VIÐ UPPHITUN IBUDA A HITAVEITISVÆÐUM												
VERÐ I FEB 84												
1. FEBRUAR 1984 MIÐAÐ VIÐ 377 RUMM IBUÐ												
HITAVEITUR	TALA IBUA	MEDALN.	PR.HUS	FASTA	KOSTN.	VEGI	1000	MINL/ARI	KR/RUMM	KR/ARI	1000 KR	%
	011283	---	---	GJALD	PR HUS			KR/ARI	1000 KR			
	1000	---	---	KR/ARI	1000			KR/ARI	1000 KR			
REYKJAVIK*	119.00	2.50	15.00	3930.00	1620	10890	1295910				49.9	
SELTJARNARNES	3.60	2.30	3900.00	930	9900	35640					1.4	
MOSFELLSHREPPUR	3.30	2.50	3144.00	1236	9096	30017					1.2	
BESSATAÐAHREPPUR**	.60	4.00	20.20	1248	21226	12735					.5	
SUÐURNES	13.50	2.20	29.50	7068.00	1284	16834	227254				8.8	
ÞORLAKSHÖFN	1.00	2.20	37.80	9060.00	19932	19932					.8	
EYRAR***	1.00	3.70	28.20		23498	23498					.9	
SELFÖSS	3.40	2.30	14.00	3860.00	1800	10678	36305				1.4	
HVERAGERÐI	1.30	2.30	2112.00	1260	6118	7953					.3	
LAUGARAS	.10	1.80	2292.00	1632	5758	576					0	
FLUÐIR	.20	2.50	1452.00	2616	6246	1249					0	
BRAUTARHOLT	.10	3.00	182.40		669	67					0	
RANGA****	.80	2.80	37.50	10260.00	1752	30480	24384				.9	
VESTMANNAEYJAR****	3.50	2.80	30.50		23609	82632					3.2	
AKRANES OG BORGARF	6.50	2.50	51.40	12360.00	2076	30900	200850				7.7	
REYKHOLAR	.10	1.60	1563.00	921	3422	342					0	
SUÐUREYRI	.40	4.00	6228.00	776.4	25688	10275					.4	
HVAMMSTANGI	.60	2.50	5160.00	2580	15480	9288					.4	
BLÖNDUOS	1.10	4.00	26.60	6516.00	900	26964	29660				1.1	
SAUÐARKROKUR	2.30	3.40	8.70	2328.00	12	7927	18233				.7	
SIGLUFJÖRÐUR	1.80	2.50	43.70	10680.00	7900	34600	62280				2.4	
OLAFSFJÖRÐUR	1.20	4.50	2028.00	1200	10326	12391					.5	
DALVIK	1.30	3.80	2472.00	384	9778	12711					.5	
HRÍSEY	.30	4.70	5724.00	3180	30083	9025					.3	
AKUREYRI	12.70	2.50	50.10	12000.00	30000	381000					14.7	
HUSAVIK	2.60	2.50	12.20	2316.00	1018	6808	17701				.7	
REYKJAHLIÐ*****	.30	2.50	21.40	4950	13018	3905					.2	
EGILSSTAÐIR	1.00	4.10	21.90	7548.00	30947	30947					1.2	
	183.60			MEDALTAL	16917	2596759					100.1	
ÖNNUR VIÐMIÐUN:	* 618 RUMM/377 RUMM IBUÐ** 989 RUMM/377 RUMM IBUÐ										14144=VEGID MEDALTAL	
	** 749 RUMM/377 RUMM IBUÐ***706 RUMM/377 RUMM IBUÐ										.46 KR/KWH	
	***** KR/RUMM/IBUÐ/ARI											